




Inngangur

Breyting á deiliskipulagi íþróttasvæðis við Hástein, samþykkt þann 22. febrúar 2007, með síðari breytingum. Breytingin nær til byggingarreits við norðvestur hluta íþróttahúss og takmarkast breytingarnar því við kafla 6.

Kaflí nr. 6 var síðast uppfærður vegna byggingarreits fyrir nýja búningsklefa, þ3 en sú breyting tók gildi 20. nóvember 2024.

Gert er ráð fyrir tveggja hæða viðbyggingu fyrir líkamsræktaraðstöðu og þjónustu. Auk þess er gert ráð fyrir niðurrífi eldri búningsklefa og byggingarreit fyrir anddyri á tveimur hæðum.

6. Sundlaug og Íþróttahús - Útivistarsvæði Sundlaugar

- Þ3 Byggingarreitur fyrir viðbyggingar er sýndur 15 x 60 á Norðurhlíð fjölnotasal. Gert er ráð fyrir allt að tveggja hæða byggingu sem mun innihalda búningsklefa og skrifstofurými sem og nýjan inngang sem tengir saman núverandi byggingar og nýbyggingar.
- Innan hans er sýndur stækkunarmöguleikar sundlaugar (p2) og þjónustubyggingu (p1) í tengslum við útisvæði sundlaugar
 - Aðkoma er sem fyrr frá Illugagötu í bílastæði.

(Breyting) þ4 Byggingarreitur fyrir viðbyggingu líkamsræktar er sýndur á norðurhlíð búningsklefa þ3, við norðvesturhluta íþróttahússins. Innan reitsins er heimilt að reisa allt að tveggja hæða byggingu (2H) sem hýsir líkamsræktaraðstöðu og tengda þjónustu. Stærð byggingarreits er sýndur á teikningu. Hámarksbyggingarmagn innan reitsins er 950 m². Viðbyggingin skal ekki rísa hærra en núverandi byggingar á lóðinni.

Litur og útlit. Ytra byrði viðbyggingar innan reits þ4 má vera að hluta til rautt eða sambærilegt.

Niðurrif. Gert er ráð fyrir niðurrífi eldri búningsklefa, alls 630m², og er niðurrífið sýnt sérstaklega á uppdrætti. Hluti af svæðinu verður nýttur fyrir þ5.

Þ5 Breyting fyrir anddyri er sýndur við aðalinnangang íþróttamiðstöðvarinnar. Innan reitsins er heimilt að reisa allt að tveggja hæða byggingu (2H) fyrir anddyri, móttöku og tengda þjónustu, þar sem svæðið var áður skilgreint (1H). Hámarksbyggingarmagn 680 m² og hámarkshæð skal ekki rísa hærra en núverandi byggingar.


Samræmi við Aðalskipulag Vestmannaeyja 2015-2035

Samkvæmt aðalskipulagi Vestmannaeyja er gert ráð fyrir að íþróttasvæði íþ-2 sé tileinkað til ástundar íþróttar og útivistar í Vestmannaeyjabæ. Skipulagsbreytingin bætir til muna aðstöðu til líkamsræktar og er í samræmi við stefnu Aðalskipulags Vestmannaeyja 2015-2035 um að fjölbreytt tækifæri séu til íþróttar- og tómstundaiðkunar, útivistar og almennrar hreyfingar í göngufæri við íbúðarsvæði.

Umhverfisáhrif

Framkvæmdin mun raska hrauni og dvalarsvæði við inngang íþróttamiðstöðvar Vestmannaeyja. Áhersla verður lögð á góðan umhverfisfrágang og gerð dvalarsvæða utanhúss við frágang að framkvæmdum loknum.

Ekki er gert ráð fyrir að framkvæmdin valdi skuggavarpi eða dragi úr útsýni nálægra íbúðarhúsa. Framkvæmdin er talin falla vel að þeim mannvirkjum sem fyrir eru og bæta aðstöðu til líkamsræktar til muna.



SKÝRINGAR	
	Deiliskipulagsmörk
	Lóðarmörk
	Núverandi byggingar
	Byggingarreitur
	Opin svæði til skráðra nota
	Nýbygging - Stúka
	Stækun stúku
	Nýbygging - Þjónustuhús útivistarsvæði sundlaugar
	Viðbygging sundlaugar
	Viðbygging búningsklefar
	Viðbygging líkamsræktaraðstöð
	Byggingarreitur á tveimur hæðum, nýtt anddyri
	Fjölnotahús
	Hámarkshæð byggingar
	Leiksvæði
	Tjaldsvæði
	Þrekkstöðvar
	Gangbraut
	Tillaga um gróður- uppbyggingu
	Fjöldi bílastæða
	Núv. aðkomuvegur ferlu út
	Gönging - öryggissvæði
	Göngustígar
	Niðurrif eldri búningsklefa

Deiliskipulag þetta sem fengið hefur meðferð skv. 40. og 41. grein skipulagslaga nr. _____ 123/2010 var samþykkt í bæjarstjórn Vestmannaeyja þann _____

Tillagan var auglýst frá _____ 20 _____ með athugasemdafresti til _____ 20 _____.
f.h. Vestmannaeyjabæjar _____

Íris Róbertsdóttir, bæjarstjóri

Deiliskipulagið tók gildi með birtingu auglýsingar nr. _____ þann _____ 2026 í B-deild Stjórnartíðinda.

GILDANDI DEILISKIPULAG mkv 1:1000

LANDNÝTING -	Lóðarstærð m²	Núv. byggingarmagn m²	Nýbygging m²	Byggingarmagn samtals	Nýtingahlutfall %
Íþróttahús og sundhöll	9831	6.658,8	1866	8524,8	0,9
Týsheimili	2.000	1.452,1	0,0	1.452,1	0,7
Fjölnotahús	10.800	0,0	10.800,0	10.800,0	1,0
Þórshemili	924	530,1	0,0	530,1	0,6
Aðalstúka	1.570	0,0	1.570,0	1.570,0	1,0
Norðurstúka	578	304,0	274,0	578,0	1,0

BREYTT DEILISKIPULAG mkv 1:1000

LANDNÝTING -	Lóðarstærð m²	Núv. byggingarmagn m²	Nýbygging m²	Byggingarmagn samtals	Nýtingahlutfall %
Íþróttahús og sundhöll	11231	8524,8	1630	9854,8	0,9
Týsheimili	2000	1452,1	0,0	1.452,1	0,7
Fjölnotahús	10800	0,0	10800,0	10800,0	1,0
Þórshemili	924	530,1	0,0	530,1	0,6
Aðalstúka	1570	0,0	1570,0	1570,0	1,0
Norðurstúka	578	304,0	274,0	578,0	1,0

Verk: 0005-7	Vestmannaeyjabær Breytt deiliskipulag	Alta ehf Ármúla 32 108 Reykjavík alta@alta.is www.alta.is
Blaðskrá: 101	Þ4 Íþróttasvæði.	
Dags: 27.07.12/18.09.26	Mælikvarði: 1:1000/ A1	Umsjón: Alta ehf / Tpz ehf.
Kirkjuvegi 23 900 Vestmannaeyjum Sími 481-2711 tpz@teiknistofa.is www.teiknistofa.is		tpz teiknistofa